



Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins á árinu 2020

Á árinu 2020 styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins þrjú fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi, samtals um 7 milljónir króna. Jafnframt styrkir Félag uppsjávariðnaðarins tvö verkefni um 3,3 milljónir króna. Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: Kennsluefni um mengun sjávar

Verkefnisstjóri: Birna Sigrún Hallsdóttir

Samstarfsaðilar: Umhverfissráðgjöf Íslands ehf., Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun

Styrkupphæð: 1 MKR.

Markmið verkefnis: Verkefnisstjóri hefur fengið styrk til að útbúa kennsluefni um mengun sjávar.

Afraksturinn er vefrit með 9 köflum (<http://himinnoghaf.is/mengunsjavar/>). Í þessum hluta verkefnisins er ætlunin að uppfæra hluta námsefnisins (kafla 1-6) og búa til sjálfspróf í lok hvers kafla.

Heiti verkefnis: Fiskvinnsluvélar - kennslubók

Verkefnisstjóri: Ásdís Pálsdóttir

Samstarfsaðilar: Fisktækniskóli Íslands, Útgerðarfélag Reykjavíkur, Baader, Curio og Vélfang

Styrkupphæð: 3 MKR

Markmið verkefnis: Markmið verkefnisins er að útbúa aðgengilegt náms- og kynningarefni fyrir vélar nútíma vinnslutækni. Áhersla er á að nemendur öðlist staðgóða þekkingu og þjálfun á mismunandi fiskvinnsluvélar, kynnist gangverki þeirra, viðhaldi og mikilvægi réttra stillinga vegna nýtingar af afurðum. Áhersla er á að þjálfa fólk til að sjá um einfalt viðhald og stillingar á algengustu fiskvinnsluvélum hérlandis svo sem hausurum, flökunarvélum og roðvélum og til að mæta auknum kröfum fyrirtækja um hámarks nýtingu afurða.

Heiti verkefnis: Fiskvinnsla framtíðarinnar í 360° sýndarveruleika

Verkefnisstjóri: Árni Gunnarsson

Samstarfsaðilar: Skotta ehf., Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra og Árskóli

Styrkupphæð: 3 MKR

Markmið verkefnis: Markmið verkefnisins er að nýta 360° sýndarveruleikataækni til að gera áhugavert og aðlaðandi kennsluefni um nútíma hátæknivæddar fiskvinnslur til sjós og lands. Efnið verður aðgengilegt öllum en hugsað fyrir efri bekkni grunnskóla og fyrsta árgang framhaldsskóla. Markmiðið er einnig að kennsluefnið nýtist einnig til þjálfunar starfsfólks innan fiskiðnaðarins.

Heiti verkefnis: Stafræn endurgerð gamalla sjávarútvegskvikmyndna.

Verkefnisstjóri: Erlendur Sveinsson

Samstarfsaðilar: Kvikmyndaverstöðin ehf. Kvikmyndagerð Sigurðar Sverris Pálssonar

Styrkupphæð: Styrkt af Félagi uppsjávariðnaðarins um 2,7 MKR

Markmið verkefnis: Stafræn endurútgáfa sjávarútvegskvikmyndanna Lífið er saltfiskur - 1. hluti (1984), Íslands þúsund ár (1997) og Á sjó (tekin 1991) sem gerðar voru á filmu. Markmiðið er að færa þær yfir í stafrænt nútímaform og gera þær aðgengilegar á netinu og forða þeim þannig frá því að daga uppi í filmugeymslum Kvikmyndasafnsins.

Heiti verkefnis: Öryggishandbók SFS – þýðing á pólsku

Verkefnisstjóri: Hrefna Karlsdóttir

Samstarfsaðilar: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Styrkupphæð: Styrkt af Félagi uppsjávariðnaðarins um 567.057 kr

Markmið verkefnis: Þýðing á Öryggishandbók SFS - fiskvinnslur á pólsku.

<https://sfs.is/greinar/oryggishandbok/>